

## REGLUR LISTA- OG MENNINGARSJÓÐS KÓPAVOGS

### Hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að efla lista- og menningarlíf í Kópavogi.

### Stjórn

Lista- og menningarráð fer með stjórn sjóðsins. Það er skipað 5 mönnum og einum áheyrnarfulltrúa og jafnmörgum varamönnum, sem bæjarstjórn Kópavogs kýs. Starfstímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar.

### Tekjur

Tekjur sjóðsins eru:

- a. á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar renna í sjóðinn 0,5% af 6,7% útsvarsstofni nema annað sé ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar.
- b. aðrar tekjur sem sjóðnum kann að áskotnast.

### Ráðstöfun tekna lista- og menningarsjóðs

Tekjum sjóðsins skal m.a. varið á eftirfarandi hátt:

1. til listrænnar feegrunar bæjarins
2. til kaupa á listaverkum
3. til útnefningar heiðurslistamanns og launa bæjarlistamanns Kópavogs
4. til ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör
5. a.m.k. 40% af tekjum sjóðsins renna árlega til styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana.

### Styrkúthlutanir

Lista- og menningarsjóður Kópavogs veitir styrki til einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar liststarfsemi eða verkefna sem eru í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar. Stjórnin getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu. Að hausti ár hvert eru auglýstir til umsóknar styrkir úr lista- og menningarsjóði með fjögurra vikna umsóknarfresti. Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun styrkja fyrir lok árs vegna verkefna árið á eftir.

### Verkefnastyrkir

Umsækjendur um verkefnastyrki verða að sýna fram á gildi þeirra verkefna sem sótt er um styrk til á sviði lista- og menningarmála í Kópavogi, sýna fram á getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd á næsta starfsári og leggja fram skýra fjárhagsáætlun þar sem tilgreindir eru kostnaðarliðir og aðrar fjármögnunarleiðir.

### Styrkir til almennrar liststarfsemi

Styrkir til almennrar liststarfsemi skulu veittir einstaklingum, menningarstofnunum og listhópum sem sannað hafa gildi sitt í menningarlífi í Kópavogi eða geta með skýrum hætti sýnt fram á gildi starfs síns, án þess þó að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni. Í umsókn skal greina frá starfi, leggja fram starfsáætlun næsta árs, birta fjárhagsáætlun þegar um rekstur eða viðburði er að ræða, og upplýsa um aðrar fjármögnunarleiðir til starfsins.

## **Skyndistyrkir**

Lista- og menningarsjóður heldur eftir upphæð sem nemur að hámarki 5% af óbundnu styrkjafé til að úthluta eftir hefðbundna árlega afgreiðslu styrkja. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í aðdraganda almennrar styrkjaúthlutunar. Styrkbeiðnir utan hefðbundins styrkjaferils eru að jafnaði aðeins afgreiddar ársfjórðungslega, í febrúar, maí, september og desember og þá vegna verkefna á árinu sem ekki eru hafin. Styrkbeiðnir eru fyrst lagðar til kynningar á fundi lista- og menningarráðs og síðan afgreiddar á næsta fundi.

## **Mat á umsóknum**

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Kópavogs höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Listræns mats á verkefninu og faglegri hæfni aðstandenda.
- Verkefna sem fela í sér frumsköpun eða frumflutning en þeim er veitt brautargengi.
- Leitast er við að hafa ákveðna endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi.
- Hvernig verkefnið/starfsemin auðgar menningarlífið í Kópavogi og hvernig nýtast fjármunirnir í því samhengi?
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd?
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar. Skýrleiki og sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

## **Samningur**

Lista- og menningarsjóður og styrkþegi gera með sér samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu og eftirfylgni. Þar skal m.a. kveða á um að styrkþegi skuli skila greinargerð um árangur starfs eða verkefnis fyrir árslok og jafnframt skal gerð grein fyrir ráðstöfun styrksins. Lista- og menningarsjóður veitir ekki styrk aftur til þeirra sem ekki hafa skilað greinargerð vegna fyrri styrkja. Lista- og menningarsjóður áskilur sér rétt til að segja upp styrksamningi ef forsendubrestur verður eða vanefndir af hálfu styrkþega. Styrkir til verkefna eru ekki að fullu greiddir fyrr en við lok verkefnisins og eftir að greinargerð hefur verið skilað.

Þeir sem njóta styrkja frá lista- og menningarsjóði skulu geta þess í kynningarefni sínu.

## **Umsóknareyðublöð**

Umsóknir þurfa að vera á eyðublöðum frá lista- og menningarsjóði sem finna má á vef Kópavogsbæjar og pósthimplaðar eða sendar rafrænt eigi síðar en síðasta umsóknardag.

*Samþykkt í lista- og menningarráði 17. desember 2015.*

*Samþykkt í bæjarstjórn 29. janúar 2016.*